

Fuglalíf við Reykjanesbraut

Yfirlit

Unnið fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu



Reykjavík mars 2001
Jóhann Óli Hilmarsson

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðföng og aðferðir	3
Skráðar náttúruminjar	4
Niðurstöður	4
Varpfuglar	4
Fuglar á fartíma	5
Vetrarfuglar	6
Njarðvíkurfitjar	7
Válistategundir	7
Spendýr	7
Umræða	8
Mótvægisaðgerðir – frekari rannsóknir	8
Heimildir	8



Vatnsleysuströnd, Strandarheiði, Keilir og Sveifluháls fjær. Ljósmynd höfundur.

Ljósmynd á forsíðu: Heiðlóa á hreiðri með unga. Heiðlóan er einn algengasti mófuglinn á athugunarsvæðinu. Ljósmynd höfundur.

Inngangur

Að beiðni Ara Benediktssonar, f.h. Hönnunar h.f., verkfræðistofu, samkvæmt. rafpósti dagsettum 6. desember 2000, tók undirritaður að sér að taka saman yfirlit yfir fuglalíf við Reykjanesbraut, frá mörkum Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandar að Njarðvíkurfitjum. Ástæðan var fyrirhuguð breikkun Reykjanesbrautarinnar og gerð umferðarbrúa á helstu gatnamótum. Undirbúningur að breikkun og hugsanlegri færslu Reykjanesbrautar í Hafnarfirði verður unnin samhliða endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem nú fer fram, og er því ekki fjallað um hana hér.

Veglínan sem hér er fjallað um er 24 km löng. Lagður verður nýr tveggja akreina vegur samsíða núverandi vegi og er nokkurt bil á milli. Mislæg vegamót á þessari leið verða fjögur talsins. Á þeim slóðum má reikna með, að raskað svæði verði allt að 200 m sitt hvoru megin miðlínu vegar. Þegar pistill þessi var saminn, voru nokkrir valkostir uppi varðandi veglínu fyrir Afstapahraun, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að nýju akreinarnar verði sunnan núverandi vegar. Áætlað hefur verið að miðað við núverandi forsendur þurfi um 500.000 m³ úr námum í fyllingar og burðarlög vegarins. Ekki liggur fyrir þegar þetta er ritað, úr hvaða námum efni verður tekið í veginn.

Upphaflega var gert ráð fyrir rannsóknum vorið 2001, þar sem tiltölulega litlar upplýsingar liggja fyrir um varpfuglafánu meðfram fyrirhugaðri braut. Af þessu varð ekki og sá kostur valinn að nota það sem til var af gögnum. Umhverfisáhrif breikkunar Reykjanesbrautar eru ekki talin eins umfangsmikil og ef um nýjan veg um áður óraskað svæði væri að ræða. Sjá nánar í lokakafli og umræðu.

Ólafur Karl Nielsen las yfir uppkast að yfirlitinu og gerði þarflegar athugasemdir. Ari Benediktsson var tengiliður við verkfræðistofuna. Heimildarmanna er getið þar sem það á við.

Aðföng og aðferðir

Farin var ein vettvangsferð 14. mars 2001 til að kanna staðhætti og skoða vegarstæðið. Jafnframt var litið eftir fuglum á nokkrum stöðum. Að öðru leyti var stuðst við eldri athuganir, bæði birtar og óbirtar.

Heimildir um fuglalíf meðfram Reykjanesbraut eru takmarkaðar. Upplýsingar eru almenns eðlis eða þær spanna stór svæði. Aðallega var stuðst við eftirfarandi heimildir við samantekt yfirlitsins: Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. (1994) kortlögðu útbreiðslu varpfugla samkvæmt 10⁴10 km reitakerfi, en það gefur aðeins grófa mynd af útbreiðslu varpfugla á áhrifasvæði Reykjanesbrautar. Um náttúrufar er fjallað almennt í ritinu „Suðurnes; náttúrufar, minjar og landnýting“ (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1986). Þeir Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson (1991) birtu niðurstöður vaðfugla- og margæsatalninga í fjörum landsins vorið 1990. Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. (1990) sýndu kort yfir útbreiðslu hrafnshreiðra á SV-landi. Náttúrufræðistofnun stendur árlega fyrir svonefndum vetrarfuglatalningum, en þá eru fuglar taldir víða um land í svartasta skammdeginu (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991, 1993). Loks gerði undirritaður athuganir á þéttleika mófugla á Kálfatjarnarheiði, skammt norðan Reykjanesbrautar, í maí og júní 1989 (óbirt).

Skráðar náttúruminjar

Fimm svæði nærri Reykjanesbraut eru á náttúruminjaskrá, fjögur þeirra gagnert vegna fuglalífs og aðeins í umsögn um Hvassahraungíga er ekki minnst á fuglalíf. Þessi svæði, samkvæmt náttúruminjaskrá 1996 (Náttúruverndarráð 1996, sjá einnig vef Náttúruverndar Ríkisins) eru:

109 *Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár*, Grindavík, Njarðvík, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Svæði frá Seltjörn til Snorrastaðatjarna, ásamt skógarreitum. Einnig syðsti hluti Hrafnagjár. (2) Gróskumikill gróður í Snorrastaðatjörnum. Gróðursælir skógarreitir undir Háabjalla og í Sólbrekku. Mikilvægur áningarstaður farfugla vor og haust. Hrafnagjá er misgengissprungu með fjölbreyttum gróðri. Kjörð útivistarsvæði.

110 *Tjarnir á Vatnsleysuströnd*, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Síkistjörn, Vogatjörn, Mýrarhústjörn, Gráhellu, tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakotstjörn, Kálfatjarnartjörn og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. (2) Lífríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi.

111 *Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík*, Vatnsleysustrandarhreppi, Hafnarfirði, Gullbringusýslu. (1) Fjaran og strandlengjan á u.þ.b. 500 metra breiðu belt, ásamt ísöltum tjörnum, frá botni Fögruvíkur að Straumi. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Tjarnir með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum. Útivistarsvæði með mikið rannsóknar- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli. Friðaðar söguminjar við Óttarsstaði.

112 *Straumsvík*, Hafnarfirði. (1) Fjörur, stendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.

137 *Hvassahraungígar (Strokkamelur)*, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Hvassahraunskatlar sunnan Þjóðvegur á mótis við eyðibýlið Hvassahraun. (2) Katlarnir eru regluleg hraundrýli á sléttri klöpp í Hvassahrauni.

Engin alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði eru nærri Reykjanesbraut (Ólafur Einarsson 2000).

Niðurstöður

Varpfuglar

Sniðtalningar á mófuglum voru í 1989 í hrauninu milli Kálfatjarnar, Keilisness, Flekkuvíkur og Staðarborgar sýna að öllum líkindum gott þversnið af fuglalífi í fremur sléttum, velgrónum hraunum á athugunarsvæðinu. Þetta er eina magnbundna athugun á mófuglum, sem kunnugt er um. Sniðið var 200 m breitt og 5700 m langt, alls 114 ha. Það var í 10–40 m hæð yfir sjávarmáli. Sniðið var ferhyrnt, hornpunktar þess voru u.þ.b. þessir: 64°01'70/100 N, 22°15'43/100 V; 64°01' N, 22°14'57 V; 64°00'84 N, 22°16'82 V og 64°01'12 N, 22°17'23 V. Talið var tvisvar, 25. maí og 15. júní. Talið var að morgni dags, milli kl. 06:30 og 10:00. Alls fundust 11 tegundir fugla og var þéttleiki þeirra 36 varppör á ferkílómetra.

1. tafla. Talningar á mófuglum á sniði á Kálfatjarnarheiði 1989.

Tegund	Pör/km²
Rjúpa	1
Tjaldur	1
Sandlóa	2
Heiðlóa	6
Sendlingur	1
Hrossagaukur	1
Spói	4
Stelkur	2
Þúfuttlingur	10
Steindepill	6
Snjótittlingur	2
Samtals	36

Aðrir fuglar sem fundust á sniðinu voru:

Grágæs, 4 á flugi 25. maí.

Stokkönd, par á flugi 15. júní.

Æður, par og bliki á flugi 25. maí, 2 pör á flugi 15. júní.

Rauðbrystingur, 1 á flugi 25. maí.

Lóuþræll, 1 á flugi 25. maí.

Tildra, 1 á flugi 25. maí.

Kjói, 7 sást hvorn daginn, 25. maí og 15. júní.

Hettumáfur, 3 pör sást 25. maí.

Sílamáfur, sást í bæði skiptin, slæðingur verpur nærri Kálfatjörn.

Svarbakur, sást í bæði skiptin, örfá pör verpa nærri Kálfatjörn.

Kría, nokkuð varp á Keilisnesi.

Stari, 1 við Kálfaströnd 15. júní.

Mófuglar sem koma fram í sniðtalningunni, eru þeir sem vænta má í hraunum við sjávarsíðuna, samanber Kristin Hauk Skarphéðinsson o.fl. 1994. Sé þéttleikinn borinn saman við þéttleika annarra svæða, er hann svipaður og í hraunum með sams konar gróðurfari (án kjarrs) annars staðar á SV-landi, en talsvert minni en t.d. á heiðunum austur af Reykjavík (Reynisvatnsheiði og nágrenni).

Sjá ennfremur umfjöllun um válistategundir hér á eftir.

Fuglar á fartíma

Athuganir á umferðarfuglum eru af skornum skammti, en þeir afla sér helst fæðu í fjörum. Í talningum, sem gerðar voru í maí 1990, fundu Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson (1991) 1031 vaðfugl kringum Vatnsleysuvík, frá Keilisnesi að Gjögri við Óttarsstaði. Þar af voru 781 rauðbrystingur, 160 tildirur, 17 sendlingar og 73 voru annarra tegunda. Til samanburðar fundu þeir 1851 fugl frá Vogastapa að Atlagerðistanga á Vatnsleysuströnd. Af þeim fuglum voru 1228 rauðbrystingar, 349 tildirur og 274 aðrir vaðfuglar. Í Straumsvík fundu þeir 530 rauðbrystinga og 30 tildirur, en enga aðra vaðfugla.

Vetrarfuglar

Nærri áramótum ár hvert fara fugláhugamenn á stúfana og telja fugla á fyrirfram ákveðnum talningasvæðum, eins og nefnt var hér að framan. Þessar talningar hafa staðið samfleytt síðan 1952 og eru sömu svæðin talin árlega, ef mannskapur fæst. Nærri þeim hluta Reykjanesbrautar, sem hér er fjallað um, eru fjögur talningarsvæði, öll meðfram ströndinni. Svæðaskipting er þessi (númer í sviga): Vogastapi – Kálfatjörn (013), Kálfatjörn – Kúagerði (039), Kúagerði – Straumur (037) og Straumur – Hvaleyri (014). Hér á eftir er tafla um niðurstöður talninga árin 1987 – 1989 á tveimur svæðum Kálfatjörn – Kúagerði og Kúagerði – Straumur, en þetta eru einu talningarnar, sem birtar hafa verið opinberlega (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991 & 1993).

Tafla 2. Vetrarfuglatalningar frá Kálfatjörn að Straumi 1987, 88 og 89.

Tegund	O39 Kálfatjörn – Kúagerði				O37 Kúagerði – Straumur			
	27.12.'87	27.12.'88	30.12.'89	Meðaltal	27.12.'87	27.12.'88	30.12.'89	Meðaltal
Himbrimi	2	3	3		1	2	4	
Lómur		2			5	2	1	
Dílaskarfur	6	26	21		11	14	8	
Ógr. Skarfur		5	4				22	
Álft	10	5	13		3			
Rauðhöfðaönd		6	7		9			
Urtönd					4			
Stökkönd	200	109	63		14	12		
Æður	695	396	1495		615	460	441	
Hávella		3			36	22	10	
Toppönd	9	26	16		4	2	4	
Fálki	1	1						
Tjaldur	4	5	20		2			
Sendlingur	60	4	50		34	12	3	
Fjöruspói			1					
Stelkur	8	10	11		14	6	6	
Tildra	35	37	48		15		1	
Hettumáfur			1					
Silfur máfur	8	6	15		2			
Bjartmáfur							1	
Hvítmáfur	68	193	134		14	22	53	
Svartbakur	134	135	134		34	14	22	
Ógr. Máfar	3		30			40		
Álka		21	2			33		
Teista	3	5	1		2	2	1	
Músarrindill	1		1		3		1	
Grápröstur	1							
Skógarpröstur	3							
Stari	6	2	12			1		
Hrafn	3		19		2	1	2	
Snjótittlingur	21	62	121			5	130	
Samtals	1281	1062	2222	1522	824	650	710	728
Teg. Alls	21	22	22	22	20	17	16	18

Að meðaltali sáust 1522 fuglar af 22 tegundum á vestara svæðinu, en 728 fuglar af 18 tegundum á því eystra, sjá 2. töflu. Æðarfugl var langalgengastur, meira en helmingur allra fugla í 6 talningum af 5, aðrar algengar tegundir voru stökkönd, hvítmáfur, svartbakur og snjótittlingur.

Njarðvíkurfitjar

Breikkun sú, sem nú er til mats, nær langleiðina að Njarðvíkurfitjum, en þar er gert ráð fyrir vestustu umferðarbrúnni. Leiran á Njarðvíkurfitjum er stærsta leiran á Suðurnesjum (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1986). Fuglalíf á fitjunum er afar fjölskrúðugt og ættu þær tvímælalaust að vera á náttúruminjaskrá. Ekki var kafað í heimildir um fuglalífið, en töluverðar upplýsingar má finna í dagbókum fuglaskoðara, enda er fjaran og tjarnir ofan hennar vinsæll skoðunarstaður, vegna mikils fjölda fugla, sem þar má finna árið um kring. Yfirfallsvatni frá hitaveitu Suðurnesja er hleypt í eina eða tvær af tjörnnum ofan malarkambs og þær haldast opnar allan veturinn.

Fuglalíf á Njarðvíkurfitjum er mest á fartíma vor og haust, þegar hundruð eða þúsundir vaðfugla hafa þar viðkomu. Á veturna eru máfar, vaðfuglar og ýmsar endur, álfir og gæsir algengustu fuglarnir. Þar er eini reglulegi vetrardvalastaður grágæsa á Suðurnesjum. Á útmánuðum má stundum sjá þúsundir æðarfugla á sjónum útifyrir.

Válistategundir

Á válista eru skráðir þeir varpfuglar, sem eru í hættu af ýmsum ástæðum (Náttúrufræðistofnun 2000). Ernir urpu fyrrum í Arnarkletti í Vatnsleysuvík og Afstapahraun mun hafa heitið Arnstapahraun fram eftir 18. öld, þegar nafn þess breyttist. Ekki er nákvæmlega vitað hvar Arnstapinn var og hvort hann stendur enn (Haukur Jóhannesson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, munnl. uppl.). Ernir hafa smátt og smátt verið að nema land á gömlum varpstöðum og hafa sést á allra síðustu árum, m.a. í Kúagerði, en sennilega er óróleiki of mikill á þessum slóðum fyrir hina styggu fugla. Hrafnar verpa á nokkrum stöðum nærri Reykjanesbraut. Sá staður sem næstur er brautinni er Virkishólar. Tvö hrafnasetur eru í Hrafnagjá og tvö í Vogasatapa. (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1990).

Aðrar válistategundir, sem nefndar hafa verið hér á undan á hugsanlegu áhrifasvæði Reykjanesbrautar eru himbrimi, grágæs, fálki, fjöruspói og svartbakur. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af þessum fuglum.

Spendýr

Ekki var kafað djúpt í heimildir um spendýr á athugunarsvæðinu, en hér eru getið þeirra helstu. Tófur eru alltíðar og greni er þekkt í Almenninum austan Afstapahrauns (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1986). Refir sjást af og til á hlaupum yfir Reykjanesbraut (eigin ath.). Minkur er algengur við sjávarsíðuna í Hraunum, þar sem þeir hafa verið rannsaðir, svo og á Vatnsleysuströnd (Menja von Schmalensee, munnl. uppl.). Landselir sjást stundum í Vatnsleysuvík og hagamýs eru víða, þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Umræða

Nýjar akreinar Reykjanesbrautar liggja að mestu um gróin hraun og röskuð svæði, þar sem fuglalíf telst ekki verulega fjölskrúðugt. Búsvæði þau sem fara forgörðum, eru varplönd mófugla, en varphéttleiki og tegundasamsetning á vegarstæðinu voru ekki könnuð. Einn staður nærri veglínunni stendur uppúr hvað fuglalíf áhrærir og tvo aðra mikilvæga má telja á áhrifasvæði hennar. Fyrsti staðurinn er **Vatnsleysuvík með Kúagerði**. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir og athugunum undirritaðs, er þetta fuglaauðugasta svæðið, sem gæti verið raskað við vegagerðina, en vegurinn liggur hvergi eins nærri sjó og sjávartjörnum og þarna. Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir endanleg staðsetning í Kúagerði, en hugsanlega munu einhverjar tjarnir fara undir veginn. Sú veglína sem lögð hefur verið út, liggur einmitt norðan núverandi vegar. Hinir tveir eru **Njarðvíkurfitjar og Straumur**. Fitjarnar eru skammt utan við umfjöllunarsvæði matsins og Straumur er í landi Hafnarfjarðar, en sá hluti breikkunarinnar sem liggur um Hafnarfjörð, er ekki til mats að þessu sinni.

Geta má eins náttúrufrýrbæris, sem tengist fuglum og er alláberandi víða á vegarstæðinu. Þetta eru fuglaþúfur (sbr. Guðrún Á. Jónsdóttir 2001). Fuglaþúfur einkenna íslenskt landslag og þekkjast hvergi annars staðar svo nokkru nemi. Ekki hefur verið gerð nein sérstök úttekt á þeim við Reykjanesbraut, dreifingu né öðru, en þær eru sérstaklega áberandi nærri Vogaaflleggjara, þar sem ein umferðarbrúin mun rísa.

Mótvægisáðgerðir – frekari rannsóknir

Þar sem mestu er fylgt fyrra vegarstæði Reykjanesbrautar, er ekki um eins mikla röskun að ræða og um lagningu nýs vegar væri að ræða. Til að fá rétta mynd af fuglalífinu, er þó nauðsynlegt að kanna það, allavega á varptíma. Þessi samantekt teldist engan veginn fullnægjandi, ef um frumframkvæmd væri að ræða.

Helstu mótvægisáðgerðir:

- Leggja veginn þannig, að hann skerði ekki tjarnir eða sjávarlón.
- Raski utan vegarstæðis, sérstaklega á grónum svæðum, verði haldið í lágmarki.

Heimildir

Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1991. *Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla*. - Talningar á vaðfuglum í maí 1990, áfangaskýrsla, 23 bls. + töflur, viðaukar og kort.

Guðrún Á. Jónsdóttir, Inga Dagmar Karlsdóttir & Kristín Ágústsdóttir 2001. *Gróðurfar við Reykjanesbraut*. Náttúrustofa Austurlands, skýrsla til Hönnunar h.f., 10 bls.

Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Ævar Petersen, Erling Ólafsson, Berþór Jóhannsson, Haukur Jóhannesson & Agnar Ingólfsson 1986. *Suðurnes. Náttúrufar, minjar og landnýting*. Staðarvalsnefnd, Reykjavík, 82. bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. *Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992*. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 25, 126 bls.

- Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn G. Þórisson, Sverrir Thorstensen og Stanley A. Temple 1990. *Breeding biology, movements, and persecution of ravens in Iceland*. Acta Naturalia Islandica 33, 34 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Náttúruverndarráð 1996. *Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar*. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.
- Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Bls. 341-363 í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). - BirdLife International, Cambridge.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. *Vetrarfuglatalningar 1987*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr.11.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991. *Vetrarfuglatalningar 1988*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr.18.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1993. *Vetrarfuglatalningar 1989*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr.23.